



Reglur Landsbankans um upplýsingar um viðskiptamenn

Regla nr. 201803-0488-4 | Samþykkt febrúar 2018 | Enduskoðun 2020 | Bankastjóri

1. MARKMIÐ OG GILDISSVIÐ

Reglur þessar eru settar í samræmi við kröfur 19. gr. b laga um fjármálafyrirtæki og gilda um upplýsingar sem Landsbankinn (hér eftir einnig nefndur „bankinn“) vistar um einstaka viðskiptamenn sína. Markmið reglna þessara er að stuðla að því að Landsbankinn fari með upplýsingar um viðskiptamenn sína í samræmi við heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti, grundvallarsjónarmið um persónuvernd og friðhelgi einkalífs, kröfur laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki og laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Reglurnar gilda um sérhverja rafræna og handvirka vinnslu upplýsinga.

2. VISTUN UPPLÝSINGA UM EINSTAKA VIÐSKIPTAMENN

Landsbankinn vistar þær upplýsingar sem viðskiptamenn hans hafa gefið bankanum þegar þeir hófu viðskipti eða aflað hefur verið hjá þeim síðar. Upplýsingar um viðskiptamenn bankans eru ýmist vistaðar á rafrænu formi eða pappírs formi. Rafræn vistun gagna skal vera á öruggum miðli þar sem öryggisráðstafanir eru uppfærðar í samræmi við ítrustu kröfur hverju sinni. Upplýsingar um viðskiptamenn á pappírformi eru vistaðar á skjalasafni bankans.

Gögn Landsbankans skulu vistuð í samræmi við geymsluáætlun bankans sem tekur mið af lögum um bókhald nr. 145/1994, lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 og lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000.

Gögnum með upplýsingum um viðskiptamenn skal eytt með tryggilegum hætti, pappír er sendur til eyðingar og rafrænum gögnum er markvisst eytt þegar þeirra er ekki lengur þörf.

3. AÐGANGUR STARFSMANNA AÐ UPPLÝSINGUM UM VIÐSKIPTAMENN

Upplýsingar um viðskiptamenn Landsbankans eru aðgangsstýrðar. Starfsmenn bankans hafa almennt eingöngu aðgang að upplýsingum um viðskiptamenn sem starf þeirra krefst. Starfsmenn sem sinna takmörkuðum hópi viðskiptavina skulu eingöngu hafa aðgang að upplýsingum sem varða þeirra viðskiptavini.

4. MIÐLUN UPPLÝSINGA UM VIÐSKIPTAMANN TIL ÞRIÐJA AÐILA

Sem tilkynningarskyldum aðila samkvæmt lögum nr. 64/2006, um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka ber Landsbankanum að tilkynna yfirvöldum ef grunur vaknar um peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Vakni grunur um slíkt kann miðlun fjárhagsupplýsinga um viðskiptamann að vera að frumkvæði Landsbankans.

Að öðru leyti miðlar Landsbankinn eingöngu upplýsingum um viðskiptamenn sína þegar fyrir því er skýr lagaskylda og/eða fram kemur lögmæt beiðni um slíkt frá viðskiptamanni sjálfum eða opinberum aðilum s.s. lögreglu, Fjármálaeftirlitinu eða öðru lögbæru yfirvaldi. Þá kann Landsbankinn jafnframt að tilkynna ábyrgðarmanni láns um stöðu þess, vanefndir eða aðrar mikilvægar breytingar á ábyrgðinni skv. lögum nr. 32 /2009, um ábyrgðarmenn.

5. FYRIRSPURNIR UM NOTKUN LANDSBANKANS Á UPPLÝSINGUM UM VIÐSKIPTAMENN

Einstaklingargeta óskað eftir afriti af gögnum sem varða viðskipti og þjónustu Landsbankans við viðkomandi.

Landsbankinn skráir notkun starfsmanna sinna á helstu upplýsingakerfum. Vakni grunur um trúnaðarrest eða misnotkun á upplýsingum bankans um viðskiptamann á hann þess kost að óska eftir yfirliti yfir notkun bankans á persónuupplýsingum hans. Þannig getur viðskiptamaður óskað eftir upplýsingum um það hvaða starfseiningar innan Landsbankans hafa skoðað upplýsingar um hann og

Þá hvaða flokka persónuupplýsinga og í hvaða tilgangi. Viðskiptamaður getur þó ekki krafist upplýsinga um það hvaða starfsmaður hafi unnið með persónuupplýsingar. Þá getur hann óskað eftir upplýsingum um varðveislutíma viðkomandi persónuupplýsinga. Komi fram beiðni þessa efnis frá viðskiptamanni skulu upplýsingar til hans vera nægjanlega ítarlegar svo viðkomandi eigi þess kost að átta sig á umfangi og notkun Landsbankans á upplýsingunum.

Beiðni um gögn samkvæmt grein þessari skal beint til Regluvörslu bankans. Beiðni um upplýsingar skal vera eins skýr og afmörkuð og kostur er.. Landsbankinn afhendir ekki vinnugögn starfsmanna s.s. tölvupósta, fundargerðir eða minnisblöð.

6. EFTIRLIT

Landsbankinn setur starfsmönnum sínum reglur og verkferla um það hvernig þeir skuli haga notkun og vinnslu upplýsinga sem varða viðskiptamenn bankans. Regluvarsla framkvæmir reglulega úttekt á notkun starfsmanna á upplýsingarkerfum bankans. Í slíkri úttekt skal kanna hvort;

- » Starfsmenn bankans hafa notað upplýsingakerfi bankans í samræmi við þær reglur og verkferla sem settir hafa verið.
- » Hvort notkun starfsmanna sé í samræmi við starfssvið viðkomandi.
- » Skoða skal hvaða viðskiptamanni var flett upp, kanna skal hvort uppflettingar starfsmannsins hafi tengst starfi viðkomandi og hvort upplýsingarnar sem sóttar voru hafi verið hæfilegar m.v. það verkefni sem unnið var við.

Einnig skal Regluvarsla hafa eftirlit með því að aðgangur starfsmanna að upplýsingum sé í samræmi við þau verkefni sem viðkomandi starfsmaður eða starfseining innan bankans er að sinna.

7. GJALD FYRIR MIÐLUN UPPLÝSINGA

Afrit af gögnum og persónuupplýsingum sem einstaklingar óska eftir er þeim að kostnaðarlausu. Landsbankinn áskilur sér þó rétt til að innheimta sanngjarnt gjald, byggt á umsýslukostnaði, fyrir vinnu við að taka saman þau gögn sem viðskiptamaður óskar eftir að fá miðlað til sín, sé farið fram á fleiri en eitt eintak. Gjaldið tekur mið af gjaldskrá bankans eins og hún er birt á vef bankans hverju sinni.